

Nr. 19-086 S 055 Ocean Diamond**Ásigling í höfn**

IMO.nr. 7325629
 Útgerð: ICELAND PROCRAISES LTD.
 Fánaríki: Bahamas
 Smíðaður: 1974, stál
 Stærð: 8282 GT.
 Mesta lengd: 124 m
 Breidd: 16 m Djúprista: 4,9 m
 Vél: Wichmann xx kw,
 Fjöldi skipverja: 106
 Fjöldi farþega: ??



Ocean Diamond©Cruise Iceland

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA


Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. júní 2019 var farþegaskipið Ocean Diamond að koma til hafnar í Stykkishólmi. Veður: A 4-5 m/sek.

Við stjórnun á skipinu í höfninni lenti það með stefnið á Hafskipabryggjuna með þeim afleiðingum að talsverðar skemmdir urðu á henni. Litlar skemmdir urðu á skipinu.



Myndin sýnir bryggjukantinn og stefnið á skipinu

Við rannsókn kom fram:

- að hafnsögumaður var ekki um borð og samkvæmt hafnarverði, sem var á bryggjunni, fannst honum að skipið hefði verið á of mikilli ferð. Verið var að reyna stöðva skipið með því að bakka þegar það lenti á bryggjunni;
- að samkvæmt skýrslu skipstjóra taldi hann að vindhviða hefði feykt skipinu til en hafnaryfirvöld tóku ekki undir það.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.